

Janúar 2021



Sjálfbær innkaup

Aðgerðaáætlun 2021-2024

| Stjórnarráð Íslands

1. Sjálfbær innkaup

1 Vistvæn innkaup ríkisaðila eru almenn regla.

2021-2022:

Upplýsingar og leiðbeiningar um vistvæn innkaup gerðar aðgengilegar og ávallt uppfærðar.

Ríkiskaup halda úti uppfærðum vef með upplýsingum um gild umhverfisskilyrði, leiðbeiningum og öðrum hjálpartólum, upplýsingum um umhverfisvæna samninga, hlutfalli vistvænna innkaupa og annað sem viðkemur vistvænum innkaupum. Ríkiskaup sjá um gerð efnis sem tengist vistvænum innkaupum enda búa þau yfir sérþekkingu á málefnum.

Kaup á umhverfismerktum vörum verður skylda í tilteknum vöruflokkum.

Ríkiskaup grípa til nauðsynlegra ráðstafana, s.s. í gegnum rammamarkaðsáttak, til að innkaup á vörum sem merktar eru annað hvort með Svaninum, Evrópublómínu eða sambærilegar verði skylda í vöruflokkunum pappírsvörur, ritföng og prentun (RK 02) og hreinlætisvörur (RK 09). Ríkiskaup endurskoða árlega þá vöruflokka sem falla hér undir, í samráði við Umhverfisstofnun þar til allir bærir samningar séu vistvænir.

Umhverfisskilyrði verða hluti af öllum rammamarkaðsáttakum þar sem það er mögulegt.

Ríkiskaup nýta þau evrópsku og norrænu umhverfisskilyrði sem liggja fyrir hverju sinni inn í viðeigandi rammamarkaðsáttak. Eins og stendur er mögulegt að setja umhverfisskilyrði í nær öllum flokkum í gildandi rammamarkaðsáttak á grundvelli evrópskra umhverfisskilyrða. Í fyrstu verður lögð áhersla á vöruflokkana bílar, eldsneyti og orka (RK 05), rafmagnsvörur og tæki (RK 11) og byggingarvörur (RK 12). Hver umhverfisskilyrði verða rýnd og tryggt að þau sé mögulegt og raunhæft að uppfylla hér á landi.

Nýta skal umhverfisskilyrði í einstökum útboðum í áhersluflokkum sem Umhverfisstofnun skilgreinir vegna mikils ávinnings m.t.t. kolefnislosunar. Í fyrstu verður lögð áhersla á bifreiðakaup, nýbyggingar og endurbætur húsa.

Viðmið Grænna skrefa um innkaup taka mið af hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins.

Umhverfisstofnun aðlagar viðmið Grænna skrefa í ríkisrekstri á þann hátt að ríkisaðilar leiti ávallt leiða til að kaupa minna, kaupa notað, deila sín á milli og gera við, áður en þeir íhuga innkaup á nýjum vörum.

Umhverfisstofnun aðlagar jafnframt viðmiðin til að mynda eftirspurn ríkisaðila eftir vistvænum vörum og þjónustu í þeim vöruflokkum þar sem vistvæn innkaup eru ekki skylda.

2022-2023:

Leiðbeiningar gerðar um útreikning á vistferilskostnaði.

Ríkiskaup í samstarfi við Umhverfisstofnun og aðila markaðarins vinna leiðbeiningar og hjálpartól til að auðvelda útreikning á vistferilskostnaði vöru og þjónustu. Í fyrstu verður lögð áhersla á vöruflokka sem til eru evrópskar leiðbeiningar og hjálpartól fyrir (kaup á sjálföldum, prenturum og ljósritunarvélum, tölvum og skjám, innanhússlýsingu og utanhússlýsingu). Helstu óvissuþættir í vistferilskostnaðarútreikningum verða greindir.

Ráðist í samstarfsverkefni um nýsköpun og þróun vistvænna valkosta.

Ríkiskaup með einni eða fleirum stofnunum ríkisins ráðast í samstarfsverkefni. Dæmi um verkefni er hönnun og bygging mannvirkja. Verkefnið gæti beinst að lífsferilsgreiningum eða losunarviðmiðum við hönnun mannvirkja eða notkun á vistvænni steypu og öðrum efnivið. Taka mætti mið af vegvísi að vistvænni mannvirkjagerð sem gefinn verður út árið 2021.

Mælaborð og innkaupakerfi halda utan um tölfræði yfir vistvæn innkaup.

Fjársýslan og Ríkiskaup vinna að merkingar og mælingar í kerfum nýtist til árangursmælikvarða.

2023-2024:

Þróun aðferða við að taka tillit til kostnaðar við losun gróðurhúsalofttegunda og annars kostnaðar til að stuðla að kolefnishlutleysi innkaupa í útreikningum á vistferilskostnaði.

Ríkiskaup og Umhverfisstofnun vinna að útfærslu.

2. Hagkvæm innkaup

2 Innkaup ríkisaðila eru hagkvæm og skilvirk. Þau eru byggð á þekkingu og nýta tækni, markvissa áætlanagerð, gagnagreiningu og eftirfylgni með samningum til að tryggja árangur og góða þjónustu við almenning.

2021-2022:

Greina tækifæri til hagræðingar og hagkvæmni

Ríkiskaup eykur frumkvæðisgreiningar á útgjöldum ríkisaðila og árlega verður að lágmarki fjórum hagkvæmustu verkefnum hrint í framkvæmd.

Lokið við innleiðingu á innkaupakerfi fyrir 50% A-hluta ríkisstofnana.

Ríkiskaup og Fjársýslan haldi áfram með innleiðingu innkaupakerfis sem hófst 2016. Miðað við að innleiðingu ljúki að fullu 2023.

Allir nýir rammamningar miðast við notkun í innkaupakerfi.

Ríkiskaup sjá til að allir sameiginlegir samningar ríkisaðila (RK rammamningar) miðist við skuldbindandi kaup, stærðarhagkvæmni og notkun í innkaupakerfi.

Fræðsla um innkaup þróuð og fræðslukerfi sett upp sem tengist við mannauðskerfi ríkisins.

Ríkiskaup sér um fræðsluefni, innkaupafræðslu og setur upp í fræðslukerfi fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins.

Forstjórar og stjórnendur fá fræðslu um innkaup.

Kjara- og mannauðssýsla sér um fræðslu til nýrra forstjóra og innkaupafræðsla verði hluti af því. Öllum forstjórum og stjórnendum býðst innkaupafræðsla á hverju ári hjá Ríkiskaupum.

Ríkiskaup endurskipulögð og skerpt á verklagi til að styðja við innkaupastefnu.

Áherslur í starfsemi verði lagaðar að innkaupastefnu.

Skráðir ábyrgðarmenn innkaupa fá fræðslu og reglulega upplýsingagjöf.

Skv. lögum um opinber innkaup skulu stofnanir, ráðuneyti og fyrirtæki í eigu ríkisins skipa sérstakan starfsmann eða annan aðila sem ábyrgðarmann innkaupa. Honum ber að fylgjast með að innkaup viðkomandi ráðuneytis, stofnunar eða fyrirtækis séu í samræmi við gildandi lög og reglur um opinber innkaup og innkaupastefnu ríkisins. Ríkiskaup skulu halda utan um þennan lista og sjá til að allir ofangreindir aðilar séu með ábyrgðarmann á skrá sem hafi fengið viðeigandi fræðslu.

Faghópi innkaupa komið á laggirnar

Ríkiskaup sjái um faghóp innkaupa, sem einnig verður opin öðrum opinberum aðilum, og nýtir til fræðslu og þróunar á opinberum innkaupum.

2022-2023:

Undirbúningur að því að stofnanir geti unnið að innkaupaáætlunum í áætlunartólum sem hluta af fjárhagsáætlunarvinnu stofnana.

Í áætlunarkerfi má vinna að innkaupaáætlunum jafnhliða því að fjárhagsáætlanir eru unnar. Fjármála- og efnahagsráðuneytið undirbýr þarfalýsingu og valkostagreiningu.

Vöruflokkastjórnun nýtt til að auka hagkvæmni og bæta áætlunargerð.

Ríkiskaup útfærir vöruflokkastjórnun og viðmið.

Þarfagreining á samningakerfi fyrir samninga ríkisins.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið vinnur valkostagreiningu á skráningu á skuldbindandi samningum ríkisins og greiðslum skv. þeim í samráði við Fjársýslu og Ríkisendurskoðun.

Allir rafrænir reikningar fá/fái beiðna- eða pöntunarnúmer.

Fjársýslan setur skyldu á skil á beiðna- eða pöntunarnúmer í viðeigandi svæði rafrænna reikninga til að tenging reikninga við pöntun eða beiðni sé tryggð sem skapar samræmingu og hagræði í bókun og umsýslu reikninga.

Rafræn útboðskerfi séu nýtt á víðtækan hátt.

Ríkiskaup nýtir möguleika rafrænna innkaupa, uppboða og útboða, einnig fyrir gagnvirk innkaupakerfi, örútboð og verðfyrirspurnir hjá þeim kaupendum sem vilja.

2023-2024:

Innkaupaáætlanir verði skylda í fjárhagsáætlunargerð ríkisstofnana.

Framkvæmd útfærð eftir þarfagreiningu.

Samningakerfi ríkisins verður innleitt fyrir A-hluta.

Samningar skráðir skv. besta valkosti. Ábyrgðaraðilar innkaupa geti fylgst með framvindu samninga og skráningu frávíka.

Frekari þróun á mælaborði innkaupa

Ríkiskaup og Fjársýsla halda áfram þróun á mælaborði innkaupa til að auka greiningar og innsýn á hagkvæmnitækifæri.

3. Nýskapandi innkaup

3 Lögð áhersla á nýskapandi lausnir í opinberri starfsemi þar sem áskorunum er mætt í samvinnu við markaðinn.

2021-2022:

Stjórnendur fá fræðslu um möguleika á að nýta innkaup til nýsköpunar.

Ríkiskaup í samráði við kjara- og mannauðssýslu ríkisins sjá um fræðslu. Fræðslan taki einnig til stefnumarkandi og vistvænna innkaupa.

Vettvangur fyrir opinbera nýsköpun

Ríkiskaup búa til vettvang fyrir nýskapandi verkefni innan skipulags Ríkiskaupa.

Ríkiskaup leiða eitt samstarfsverkefni um nýsköpun opinberra aðila að lágmarki.

Ríkiskaup heldur að minnsta kosti eitt nýsköpunarmót árlega.

2022-2023:

Vettvangur fyrir opinbera nýsköpun

Ríkiskaup ræðst í amk eitt samstarfsverkefni um nýsköpun á sviði vistvænni valkosta.

Frumkvöðlar fá betri upplýsingar um tækifæri í opinberum útboðum.

Ríkiskaup útbýr fræðsluefni fyrir fyrirtæki og frumkvöðla um útboð sem kynnt er og aðgengilegt m.a. á Ísland.is.

2023-2024:

Nýsköpun í vistvænni valkostum

Ríkiskaup ræðst í a.m.k.í tvö samstarfsverkefni um nýsköpun á sviði vistvænni valkosta.

4. Gagnsæ innkaup

4 Innkaup eru samfélagslega ábyrg. Upplýsingar um innkaup ríkisins aðgengilegar almenningi og ríkisaðilum og gögnin nýtanleg, greinanleg og samanburðarhæf.

2021-2022:

Fyrirtækjum gert auðveldara að taka þátt í útboðum og kaupendum að sannreyna hæfi.

Stafræn sannvottun sem verið hefur í smíðum hjá Stafrænu Íslandi opnað á Ísland.is tengt fyrirtækjaskrá, til að auðvela fyrirtækjum að ná í stafrænt vottorð til að sýna fram á hæfi í opinberum útboðum og kaupendum að sannreyna að útilokunarástæður eigi ekki við skv. lögum um opinber innkaup.

Yfirsýn og greiningar á innkaupum aukin og einfölduð

Fjársýslan þrói mælaborð innkaupa á opnirreikningar.is eða sem virkni á fjárhagsmælaborði fyrir almenning og mælaborð á innkaupakerfi fyrir stjórnendur.

Árangur innkaupaverkefna verði sýnilegri

Ríkiskaup deilir árangurssögum að lágmarki ársfjórðungslega og ávinningur samninga verður birtur.

Áhættumat og viðbrögð við áhættusömum innkaupum þróað

Ríkiskaup þróa sönnunarviðmið í samráði við aðila markaðarins, fjármála- og efnahagsráðuneyti og dómsmálaráðuneyti til að nota í þeim innkaupum sem eru í hærri áhættu, s.s. hvað varðar mansal og barnaþrælkun.

2022-2023:

Þróuð verði fræðsla um mútur í samræmi við leiðbeiningar OECD

Fjármála- og efnahagsráðuneyti, Ríkiskaup og KMR útbúa fræðslu um mútur og viðbrögð við þeim sem birt verður opinberlega og sem verður hluti af fræðsluáætlun stjórnenda og ábyrgðaraðila innkaupa.

Yfirsýn og greiningar á innkaupaútgjöldum aukin og einfölduð

Fjársýslan þróar frekar mælaborð stjórnenda og innkaupafólks sem gefi kost á samanburði og viðmiðum innan helstu innkaupaflokka til að auðvela markmiðssetningu og auka hagkvæmni.

2023-2024:

Yfirsýn og greiningar á greiðslur á samninga aukin

Fjárhagskerfi tengi saman beiðnir, pantanir og reikninga á gilda samninga til að auðvela greiningar og eftirlit og til að auka skilvirkni í samþykktarmeðferð innsendra reikninga.